

Lagaumhverfi og rekstrarform samfélagslegrar nýsköpunar

Samfélagsleg nýsköpun og frumkvöðlastarf

Samfélagsleg nýsköpun þýðir að þróa nýjar hugmyndir, þjónustu og lausnir til að takast á við samfélagslegar áskoranir. Samfélagsleg fyrirtæki starfa í félagshagkerfinu og hafa það meginmarkmiði að hafa samfélagsleg áhrif frekar en að skapa arð fyrir eigendur eða hluthafa.

Samfélagslegt frumkvöðlastarf er mikilvægt í nokkrum geirum samfélagsins og til að takast á við alþjóðlegar áskoranir og viðfangsefni s.s.: atvinnuleysi, heilsu, kynþáttafordómum, fjölgun hælisleitenda, loftslagsbreytingum, menntun, mismunun og kynþáttafordómum, jafnrétti kynjanna, fátækt, lýðræði og borgaralegri þátttöku. Samanber Heimsmarkmiðin 17 um sjálfbærni: [Sustainable Development Goals](#) (SDGs). [See step 3 on Global perspective in the SE4Y Road Map](#)

Lagaramma um samfélagslega nýsköpun

Lagaumhverfi vísar til rekstrarforma félaga og fyrirtækja. Rekstrarformið getur haft áhrif á skattlagningu og fjármögnun og þarf að taka mið af markmiðum starfseminnar.

Velja má á milli nokkurra rekstrarforma fyrir hagnaðardrifinn rekstur, en færri rekstrarform henta samfélagsdrifnum rekstri s.s. sjálfseignarstofnun, samvinnufélög, frjáls félög og almannaeillafélög.

Þá verður sífellt algengara að samfélagsfyrirtæki séu skráð sem einkahlutafélög þar sem samfélagsleg markmið og ráðstöfun arðs til samfélagslegra verkefna er tilgreind í samþykktum. Finna má umfjöllun um kosti og galla ólíkra félagsforma í kafla 4 í [Vegvísi fyrir samfélagsfrumkvöðla](#).

Hvar má finna upplýsingar um ólík félagaform?

Á heimasíðu skattsins má finna upplýsingar um [stofnun félaga í atvinnurekstri](#) (einkahlutafélög og hlutafélög) og [félagasamtök og önnur félög](#). Þar er að finna nýjustu upplýsingar um lagaumgjörð, sýnishorn af samþykktum og öðrum stofngögnum svo eitthvað sé nefnt. Einnig má þar finna [gjaldskrá](#) yfir kostnað við stofnun og skráningu ólíkra rekstrar og félagsforma.